

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990.

1. gr.

a) Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. a, svohljóðandi:

Með leyfi lögreglustjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum utan vega. Undanþága þessi gildir þó ekki um þann sem sviptur hefur verið ökurétti.

Undanþága að því er varðar þann sem ekki hefur náð 18 ára aldri er háð skriflegu samþykki foreldra eða annars forsjármanns.

Allur akstur þar sem undanþága frá ákvæðum um ökuskírteini eða lágmarksaldur gildir skal fara fram samkvæmt keppnis- og öryggisreglum L.Í.A. og undir eftirliti og samkvæmt leiðbeiningum fulltrúa L.Í.A.

Lágmarksaldur miðað við ökutæki skal vera:

- | | | |
|----|---|------------------|
| a. | Körtubílar með aflvél að slagrymi | |
| | allt að 80 rúmsentimetrar..... | frá 10 ára aldri |
| | allt að 100 rúmsentimetrar..... | frá 12 ára aldri |
| | allt að 125 rúmsentimetrar..... | frá 14 ára aldri |
| | rúmsentimetrar eða meira..... | frá 16 ára aldri |
| b. | Körtubílar með fjörgengisafllvél að slagrymi | |
| | allt að 250 rúmsentimetrar..... | frá 10 ára aldri |
| c. | Tvíhjóna torfærutæki með aflvél að slagrymi | |
| | allt að 80 rúmsentimetrar..... | frá 12 ára aldri |
| | allt að 125 rúmsentimetrar..... | frá 14 ára aldri |
| | 125 rúmsentimetrar eða meira..... | frá 15 ára aldri |
| d. | Torfærutæki á beltum (vélsleðar) með aflvél að slagrymi | |
| | allt að 440 rúmsentimetrar..... | frá 14 ára aldri |
| e. | Óbreyttar fólksbífreidur með aflvél að slagrymi | |
| | allt að 1600 rúmsentimetrar (gerð „N“ samkvæmt reglum F.I.A.) . | frá 15 ára aldri |

2. gr.

Á eftir 19. gr. komi ný grein, 19. gr. a, með fyrirsögninni „Akstur leiktækja“, svohljóðandi:

Lögreglustjóra er heimilt að leyfa starfsemi þar sem akstur ungra barna fer fram. Starfsemin skal vera undir eftirliti og umsjón fullorðins starfsmanns sem leiðbeinir og gætir alls öryggis, þ. á m. að börnin hafi fulla stjórn á hlutaðeigandi ökutæki, einnig þótt starfsemin fari fram án gjaldtöku. Sérstakt eftirlit skal haft með slíkri starfsemi hvað varðar búnað ökutækja, almennt öryggi og vátryggingar. Ökutækin skulu ekki hraðgengari en nemur venjulegum gönguhraða.

Við þessar aðstæður mega börn frá 5 ára aldri aka rafbílum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir börn. Skal sá akstur fara fram á sérstaklega gerðum svæðum. Með sama hætti mega börn sem náð hafa 10 ára aldri eða eru a.m.k. 140 sentimetrar á hæð aka öðrum gerðum vélknúinna leiktækja á sérstökum svæðum.

3. gr.

Fyrirsögn reglnanna verði: **Reglur um akstursíþróttir og aksturskeppni.**

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með breytingum skv. reglugerðum nr. 151/1993, 179/1993 og 86/1994.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 1. gr.:

1. Í stað orðsins „eitt ár“ í öðrum málslíð kemur: tvö ár.
2. Við málsgreinina bætist nýr málslíður svohljóðandi: Seljandi getur farið fram á framlengingu gildistíma vottorðsins um tvö ár í senn hjá Skattstjóranum í Reykjavík, þyki staðfest að forsendur séu óbreyttar frá því vottorðið var gefið út.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1995.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónsson.